

Orkustofnun
Raforkueftirlit
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

4. febrúar 2022
2021-01-123/10.1

Efni: Kerfisáætlun 2021-2030 - Svarbréf

Þann 21. janúar 2022 barst Landsneti bréf frá Orkustofnun, sem innihélt frekari athugasemdir Orkustofnunar vegna viðbragða Landsnets við umsögnum við viðskiptavina um framlagða kerfisáætlunar Landsnets fyrir tímabilið 2021-2030. Voru sérfræðingum Landsnets gefin tækifæri til að bregðast við, með viðeigandi breytingu á kerfisáætlun og eftir atvikum, koma á framfæri andmælum vegna athugasemda Orkustofnunar.

Tilgangur þessa bréfs er að gera grein fyrir viðbrögðum Landsnets við athugasemdum Orkustofnunar. Einungis er svarað þeim athugasemdum sem út af standa að mati Raforkueftirlitsins.

Virðingarfyllt



Gnýr Guðmundsson, yfirmaður áætlana og greininga

Athugasemd 2:

ROE gerir athugasemd við að LN svarar enn ekki með beinum hætti hvort og þá jafnvel hvernig eigi að meta umhverfisgæði sem fara forgörðum við framkvæmdir fyrirtækisins, fyrir utan mat á sjónrænum áhrifum þeirra. Enn fremur gerir ROE athugasemd við þá afstöðu LN að ekki sé æskilegt að meta sjónræn áhrif af umhverfisáhrifum, þegar það liggur fyrir að mat á umhverfisgæðum væri einn af meginþáttum þess að framkvæma þjóðhagslegt mat á áhrifum framkvæmda sem næði þá bæði yfir öll áhrif af framkvæmdum, þ.e. áhrifin á greiðsluflæði Landsnets og ytri áhrifin sem fyrirtækið veldur með starfsemi sinni. ROE bendir á, þrátt fyrir þessar athugasemdir, að mat á umhverfisáhrifum framkvæmda er gert í framkvæmdaferli eftir atvikum. Í því ferli er lagt mat á umhverfisáhrif framkvæmda og kemur það í raun í stað hagræna matsins sem ella þyrfti að fara fram í kerfisáætlun, þegar metið er hvort að framkvæmdir séu þjóðhagslega hagkvæmar eður ei.

Svar LN:

Umhverfismat á áætlanastigi eins og unnið er fyrir framkvæmdir í kerfisáætlun byggir á fyrirliggjandi gögnum og ekki er ráðist í neinar sérrannsóknir fyrir slíkt mat. Því mun mat á þessu fara fram í umhverfismati viðkomandi framkvæmda eftir því sem við á.

Athugasemd 3:

Það kemur skýrt fram í skilmálum dreifiveitunnar á svæðinu að gerð er krafa um búnað hjá smávirkjunum til eyjarekstur. Rekstraraðilar slíkra virkjana geta þó einnig greitt hærra gjald til dreifiveitunnar og þannig valið á milli þess og að setja upp búnað til eyjareksturs. ROE fer fram á að LN afhendi stofnuninni greiningu á því hvaða smávirkjanir eru á svæðinu, hvaða smávirkjanir hafa ekki þennan búnað og hvaða smávirkjanir hafa þennan búnað og samskiptin við dreifiveituna þegar þetta var greint við gerð kerfisáætlunar.

Svar LN:

Greiningin sem ROE vísar til og fer fram á að LN reiði af hendi er ekki til. Ástæða þess er sú að marklaust er að greina þetta atriði þar sem aðrir stærri þættir koma í veg fyrir að kerfið á Snæfellsnesi lifi í eyjarekstri við truflun á Vegamótalínu 1. Fyrst og fremst ber að nefna að álag á Snæfellsnesi er langt um meira en uppsett afl í virkjunum og því verður straumlaust þar vegna undirtíðni. Eftir það eru varaafslvélur sem LN hefur aðgang að hjá dreifiveitum ræstar og er það í höndum stjórnstöðvar Landsnets í truflanarekstri að sjá til þess að þær séu ræstar með samskiptum við dreifiveitu.

Þó að afl væri nægjanlegt til þess að Snæfellsnesi myndi lifa í eyjarekstri við truflun á innkomandi tengingu er annar þáttur sem kemur í veg fyrir það. Það er hátt hlutfall jarðstrengja í kerfi dreifiveitu og jarðstrengur milli Grundarfjarðar og Ólafsvíkur. Launafi frá þessum jarðstrengjum er mun meira en aflvélur á svæðinu geta jafnað út og því myndi eyjan fara út á yfirspennu vegna launafilsins og lágs skammhlaupsafis (kerfisstyrks).

Væru þessir tveir ofantaldir þættir í lagi vegna eyjareksturs væri tímabært að grípa til aðgerða vegna skorts á búnaði véla í smávirkjunum á Snæfellsnesi til eyjareksturs (tíðnistýringar). Árangursríkasta leiðin til þess að bæta afhendingaröryggi í Snæfellsnesi er tvöföldun tengingar inn á svæðið og er það verkefni í greiningu hjá okkur og verður kynnt í næstu framkvæmdaáætlun.

Athugasemd 4:

Í ljósi þessa fer ROE fram á að LN skýri nákvæmlega hvaða forsendur liggi baki fullyrðingum fyrirtækisins um að heimildir um skerðanlegan flutning eigi við um stöðu í vatnsbúskap framleiðenda.

Enn fremur er það mat ROE að LN þurfi að skýra betur svarið við spurningu 3 hér að ofan og skýra hvaða tilfelli það eru sem falla undir „áhættusamar rekstraraðstæður í kerfinu”.

Að mati ROE þarf LN að svara því hvort rafmagnsflutningur samkvæmt samningum um skerðanlegan flutning sé innifalinn í raforkuafhendingu þegar reiknuð er afhendingargeta á

afhendingarstöðum í flutningskerfinu og hvort rafmagnsflutningur samkvæmt samningum um skerðanlegan flutning innifalinn í innifalinn í útreikningum LN þegar metin er þörf fyrir fjárfestingar í flutningskerfinu ásamt tímasetningu þeirra. Ef svo er, óskar ROE eftir því að fyrirtækið skýri samræmi þess við eigin netmála en þar kemur fram að "Við hönnun flutningskerfisins gerir Landsnet ekki ráð fyrir að efna til sérstakra fjárfestinga vegna skerðanlegs flutnings."

Svar LN:

ROE telur upp þau tilvik sem heimila okkur að skerða notendur sem kaupa skerðanlegan flutning. Sum atriði á listanum koma upp þegar staða í vatnsbúskap framleiðenda er lök. Það eru t.d. flutningstakmarkanir. Hafa ber þó í huga að sú staða sem uppi er í dag þar sem notendur þurfa að þola skerðingar er vegna skerðinga framleiðandans sjálfs en ekki vegna skilyrða Landsnets. Takmarkanir í flutningskerfinu eru samt sem áður hluti ástæðu þess að skerða þurfi. Lök staða í vatnsbúskap setur auknar kröfur á getu flutningskerfisins sem ekki eru til staðar í núverandi ástandi.

Áhættusamar rekstraraðstæður í kerfinu geta verið hverjar þær aðstæður þar sem frávik eru frá venjubundnum, óskertum rekstri eða utanaðkomandi aðstæður. Þar má nefna t.d. að rekstrareining er úr rekstri vegna bilunar/viðhalds eða veður er slæmt. Í hverju tilviki fyrir sig er umfang áhættunnar metið og gripið til aðgerða eftir atvikum til þess að lágmarka þessa áhættu. Á myndum í kerfisáætlun sem sýna afhendingargetu á afhendingarstöðum í kerfinu er skerðanlegur flutningur ekki sýndur strangt til tekið. Ef afhendingargeta er til staðar sem er meiri en núll megavött er vitaskuld rými fyrir sömu megavatttölu af skerðanlegum flutningi. Ef afhendingargeta er metin á rauðu merki, þ.e. núll megavött þá er ekki loku fyrir það skotið að hægt sé að veita þar heimild til notkunar á skerðanlegum flutningi en það er skoðað gaumgæfilega í hverju tilviki fyrir sig. Þá er metið hvaða skilyrði þurfa að vera til staðar svo unnt sé að veita skerðanlegan flutning á viðkomandi svæði eins og sjálfvirkar fjarútleysingar.

Athugasemd 5:

Þá óskar ROE eftir að LN svari hvort og þá hvenær LN áætlað að VM-4 verði tímasett ásamt rökstuðningi fyrir framkvæmdinni og tímasetningu hennar.

ROE óskar einnig eftir að LN svari hvort skerðanlegur flutningur sé innifalinn í greiningum sem framkvæmdar voru við útreikninga á afhendingargetunni í Vestmannaeyjum sem sýnd er á mynd 4.7 í langtímaáætlun.

Svar LN:

Eins og fram kemur í fyrra svari er áætlað að ráðast í framkvæmdina 2026. Ef ekkert breytist þangað til munum við birta valkostagreiningu fyrir framkvæmdina í tengslum við útgáfu kerfisáætlunar snemma árs 2023.

Hvað varðar forgangsröðun verkefnisins þá er það rétt að ekki er tiltæk afhendingargeta í Vestmannaeyjum en við viljum benda á að það ástand gildir um nánast alla afhendingarstaði landsins og því sitja allir landsmenn við sama borð.

Ástæðan fyrir því að framkvæmdinni tvítenging Hella-Vestmannaeyjar er áfangaskipt er fjárhagslegs eðlis. Vegna vanfjárfestinga í flutningskerfinu síðustu ár og áratugi er fyrir hendi mikil uppsöfnuð fjárfestingaþörf á landsvísu. Að teknu tilliti til fjárfestingargetu flutningafyrirtækisins, áhrifa á gjaldskrár dreifiveitna og annarra fjárhagslegra þátta er því nauðsynlegt að forgangsráða nauðsynlegum fjárfestingum. Við þær fjárfestingar er m.a. horft til skiptingar verkefna eftir landshlutum.

Hvað varðar mat á afhendingargetu er vísað á svar við athugasemd 4 hér að ofan.

Athugasemd 7:

ROE gerir ekki athugasemd við svar LN um notkun raforkuspár í framkvæmdaáætlun en óskar eftir staðfestingu á hvort framkvæmdir í 10 ára áætlun langtímaáætlunar séu tímasettar á

grundvelli grunnspár raforkuspár, og ef ekki, þá óskar ROE eftir að skýrt sé nákvæmlega hvaða forsendur séu notaðar í stað grunnspárinnar.

Svar LN:

Eins og fram kom í fyrra bréfi er í langtímaáætlun stillt upp valkostum um þróun meginflutningskerfisins og eru þeir metnir út frá því hvernig þeir uppfylla markmið raforkulaga út frá misjöfnum sviðsmyndum sem gefnar eru út af Orkuspárnefnd, þar á meðal grunnsviðsmynd Raforkuspár, án þess þó að valin sé ein sérstök sviðsmynd fram yfir aðra í matinu.

Athugasemd 8:

ROE telur að æskilegt væri að LN útskýri í kerfisáætlun hvort eldsumbrot og jarðhræringar hafi einhver eða engin áhrif á hönnun umræddrar framkvæmdar.

Svar LN:

Tvö verkefni hafa orðið fyrir áhrifum af mati á mögulegum eldsumbrotum og jarðhræringum en það eru Suðurnesjalína 2 og Lyklafellslína 1. Þetta mun verða tilgreint í framkvæmdaáætlun en ítrekað er þó að ekki verður tilgreint hvort eldsumbrot og jarðhræringar hafi verið skoðuð sérstaklega fyrir öll verkefni framkvæmdaáætlunar. Flest þeirra eru á svæðum þar sem þetta krefst ekki sérstakrar skoðunar en tekið verður fram ef greiningar á þessu var krafist og hver niðurstaðan var.

Athugasemd 11:

ROE fer fram á að LN svari því hvort að endurgreiðslutími fyrirhugaðra framkvæmda sé innan afskriftartíma þeirra miðað við raforkuspá Orkustofnunar.

Svar LN:

Vísað er til töflu 5-20 í langtímaáætlun sem sýnir að áætlaður endurgreiðslutími framkvæmda m.v. grunnsviðsmynd raforkuspár er styttri en afskriftartími þeirra að einum þeirra undanskildum. Þar munar einu ári sem verður að teljast innan skekkjumarka. Fyrir þær framkvæmdir sem eru á 10 ára áætlun er endurgreiðslutíminn 39 ár sem er lægri en afskriftartími lína og tengivirkja.

Athugasemd 12:

ROE skilur svar LN svo að fyrirtækið breyti ekki aflskiptihlutfallinu við mat á fjárhagslegum áhrifum af mismunandi þróun í notkun á raforku á flutningskerfið. ROE bendir LN á að gera skýra grein fyrir þessum ágalla í mati á fjárhagslegum áhrifum af mismunandi þróun í notkun á raforku í sviðsmyndagreiningum í kerfisáætlun.

Svar LN:

Okkur er ekki alveg ljóst hvað verið er að fara fram á og óskum eftir fundi með ROE til að fara yfir þetta málefni.

Athugasemd 15:

ROE bendir á að svo virðist sem nafn framkvæmdarinnar sé bæði Holtavörðuheidiarlína 1 og línan Hvalfjörður - Hrútafjörður. Æskilegt væri að hafa aðeins eitt heiti.

Svar LN:

Línan mun bera heitið Holtavörðuheidiarlína 1 þar sem aðalvalkostur fól í sér að nýtt tengivirki á Holtavörðuheidi yrði nyrðri endapunktur línunnar að undangenginni valkostagreiningu. Nú þegar það hefur verið ákveðið mun kappkostað að vísa til verkefnisins undir því heiti. Þar sem kemur fram tengingin Hvalfjörður-Hrútafjörður er átt við Holtavörðuheidiarlínu 1 og skal lesið í því ljósi.